

FLATEYJARHÖFN Á SKJÁLFANDAFLÓA – GJALDSKRÁ 2020

Gildissvið

1.gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir Flateyjarhöfn á Skjálfandaflóa og er sett skv. heimild í 17. gr. hafnarlaga nr. 61/2003, sbr. bráðabirgðaákvæði nr. 1.

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda

2.gr.

Skrifstofa Þingeyjarsveitar sér um innheimtu allra hafnargjalda. Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á skuldina.

3.gr.

Fyrir hvern farþega með farþegabátum, €1.00 á hvern fullorðinn farþega. Fast gjald, kr. 73.902 á þá báta sem stunda farþegaflutninga til eyjarinnar s.s. skemmtiferðaskip og hvalaskoðunarbátar.

4.gr.

Skipstjóri eða útgerðaraðili farþegaskips skal tilkynna um fjölda farþega og bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteininum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda skipagjaldsins.

Samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar 13.12.2019.